# JAFNRÉTTISÁÆTLUN LANDSPÍTALA 2014

| | Kjaramál | Ráðningar | Starfsþróun | Stjórnun og skipulag | Samþætting fjölskyldu- og atvinnulífs | Starfsumhverfi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Markmið** | • Karlar og konur fái sömu laun fyrir sambærileg störf<br>• Starfstengdir þættir sem metnir verða til fjár svo sem breytt starfslýsing og föst yfirvinna, standi jafnt konum sem körlum til boða | • Störf á LSH verði ekki flokkuð sem karla- eða kvennastörf og standi jafnt konum og körlum til boða<br>• Við ráðningar verði staða kynjanna jöfn og tækifæri þau sömu | • Karlar og konur njóti sömu tækifæra til starfsþróunar, símenntunar, endurmenntunar og framgangs í starfi | • Stjórnunarstöður á LSH standi jafnt konum sem körlum til boða<br>• Aðild karla og kvenna að nefndum og ráðum sé sem jöfnust og verði hlutur hvors kyns ekki undir 40% | • Karlar og konur hafi sömu tækifæri til að samræma störf sín og fjölskyldulíf, eins og með töku fæðingarorlofs, leyfis vegna veikinda barna og með sveigjanlegum vinnutíma | • Karlar og konur á LSH njóti sömu tækifæra, réttinda og starfsaðstæðna<br>• Starfsmenn LSH skulu ekki búa við einelti, kynferðislega áreitni eða annað ofbeldi |
| **Staðan 2012** | • Grunnlaun karla og kvenna voru sambærileg, þó eru grunnlaun karla 3,7% hærri en kvenna að meðaltali í fjölmennustu stéttarfélögunum á LSH<br>• Karlar fengu 11,58% hærri heildarlaun en konur í tíu fjölmennustu stéttarfélögunum á LSH<br>• Karlar fengu oftar greidda fasta yfirvinnu en konur og einnig fleiri fasta yfirvinnutíma á mánuði og hefur sá munur haldist og í sumum tilfellum aukist frá árinu 2010<br>• Karlar vinna meiri breytilega yfirvinnu en konur í flestum stéttarfélögum á LSH<br>• Óútskýrður munur er á fjölda fastra yfirvinnutíma hjá körlum og konum með sama starfsheiti innan sama stéttarfélags þar sem karlar fá í flestum tilfellum fleiri tíma" | • Í starfsauglýsingum LSH er staðlaður texti um að tekið sé mið af jafnréttisstefnu við ráðningar í störf á Landspítala<br>• Kynjahlutföll eru ójöfn í mörgum starfsstéttum LSH. Starfsauglýsingar LSH eru ekki hvetjandi fyrir minnihlutakynið | • Hlutfallslega fleiri karlar en konur í fjölmennustu stéttarfélögunum á LSH fengu námsleyfi erlendis samþykkt af yfirmanni, vegna formlegs náms og faglegra ráðstefna og jafnframt lengra námsleyfi en konur<br>• Hlutfallslega fleiri konur fengu námsleyfi innanlands samþykkt af yfirmanni | • Í framkvæmdastjórn LSH voru 8 karlar og 6 konur<br>• Konur voru 52% nefndarmanna í nefndum og ráðum LSH, en karlar voru 59% formanna nefnda<br>• Á spítalanum í heild voru tæp 10% karla í stjórnunarstöðum en rúm 3% kvenna og hefur hlutfall karla minnkað milli ára um rúm 2% og hlutfall kvenna um 1% | • Fleiri konur en karlar voru í hlutastörfum á LSH eða rúm 58% kvenna en rúmlega 36% karla<br>• Rúm 4% karla tóku fæðingarorlof en tæp 7% kvenna<br>• Konur voru lengur í fæðingarorlofi en karlar og nýttu 86% af öllu teknu fæðingarorlofi en karlar 14% sem er aukning frá fyrra ári<br>• Aðeins konur tóku foreldraorlof árið 2012<br>• Konur voru oftar fjarverandi vegna veikinda barna en karlar<br>Samkvæmt starfsumhverfiskönnun 2013:<br>• Rétt sinn til fæðingarorlofs þekkja 69% kvenna og 54% karla og rétt til foreldraorlofs þekkja 39% kvenna og 37% karla. Starfsmönnum sem þekkja þennan rétt sinn fækkar milli ára. Á starfsævi sinni hafa 21% karla og 15% kvenna að einhverju leyti nýtt rétt sinn til foreldraorlofs | • Kyngreinanlegar upplýsingar um starfsaðstæður lágu ekki fyrir<br>• Konur voru rúm 80% starfsmanna LSH<br>• Konur voru hlutfallslega oftar fjarverandi vegna veikinda<br>Samkvæmt starfsumhverfiskönnun 2013:<br>• Voru 47% karla og 42% kvenna ánægð með núverandi vinnuaðstöðu sína. Ánægja með starfsaðstöðu hefur dalað milli ára hjá báðum kynjum<br>• Urðu 17% karla og 18% kvenna fyrir niðurlægjandi framkomu af hálfu yfirmanns/samstarfsmanns, 7% karla og 8% kvenna urðu fyrir einelti af hálfu yfirmanns/samstarfsmanns og 1% karla og 3% kvenna urðu fyrir kynferðislegri áreitni. Í öllum tilfellum hefur tíðnin aukist |
| **Aðgerðir** | • Samanburður á starfskjörum karla og kvenna skal gerður árlega og tölulegar upplýsingar birtar á upplýsingakorti jafnréttisnefndar<br>• Óútskýranlegur munur á föstum yfirvinnulaunum karla og kvenna verði leiðréttur<br>• Samræmis sé gætt milli kynja við ákvarðanir um launafyrirkomulag t.d. fastar yfirvinnugreiðslur, verktöku og verkefnaráðningar" | • Starfsauglýsingar skulu ætíð vera hvetjandi fyrir það kyn sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein<br>• Við ráðningar skulu, að öðru jöfnu, þeir umsækjendur ganga fyrir sem eru af minnihlutakyni viðkomandi starfsgreinar | • Stjórnendur tryggi konum og körlum jafna aðstöðu til starfsþróunar og framgangs í starfi<br>• Kostnaður vegna námsleyfa og námskeiða skal greindur eftir kyni og birtur reglulega í starfsemisupplýsingum spítalans<br>• Synjunarhlutfall umsókna um námsleyfi verði kannað eftir kyni<br>• Starfsmenn hljóti fræðslu um jafnréttismál og rétt sinn til endurmenntunar og námsleyfa | • Tekið skal tillit til jafnréttissjónarmiða þegar ráðið er í stjórnunarstöður á LSH<br>• Þegar skipað er í stjórnir, ráð og nefndir skal þess gætt að taka mið af jafnréttislögum<br>• Upplýsingar um hlutfall kvenna og karla í nefndum, ráðum og í stjórnunarstöðum skulu birtar á upplýsingakorti jafnréttisnefndar | • Sveigjanlegur vinnutími, hlutastörf eða önnur hagræðing á vinnutíma skal standa konum sem körlum jafnt til boða<br>• Starfsmenn skulu upplýstir um lögvarinn rétt til fæðingar- og foreldraorlofs og fjarvista vegna veikinda barna | • Upplýsingar um starfsaðstæður karla og kvenna, svo sem búningsaðstöðu, aðgang að tölvubúnaði, farsímum og skrifstofuaðstöðu, skulu birtar árlega<br>• Mannauðsdeild standi árlega fyrir fræðslu um einelti og kynferðislega áreitni |
| **Ábyrgð** | Handhafar ráðningarvalds og jafnréttisnefnd | Stjórnendur, mannauðssvið og allir starfsmenn sem koma að ráðningarferli | Allir stjórnendur, mannauðssvið og jafnréttisnefnd | Framkvæmdastjórn, mannauðssvið og jafnréttisnefnd | Allir stjórnendur og mannauðssvið | Allir stjórnendur og mannauðssvið |